

Evrópsk


Portfolio
European

Evrópsku tungumálamöppuna – European Language Portfolio –
má nálgast á eftirtöldum vefslóðum:

www.menntamalaraduneyti.is
www.nams.is
www.menntagatt.is

Útgefandi
Menntamálaráðuneytið
ISBN: 978-9979-777-36-6

Evrópsk
tungumálamappa



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ



EVROPAFRÁHÍÐ COUNCIL OF EUROPE
European Language Portfolio

Evrópsk tungumálamappa

— fyrir grunn- og framhaldsskóla

Menntamálaráðuneytið hefur gefið út evrópska tungumálamöppu (European Language Portfolio) sem hlaut vottun Evrópuráðsins árið 2006. Evrópska tungumálamappan er aðgengileg til afnota fyrir alla á vefjum menntamálaráðuneytisins, Námsgagnastofnunar og Menntagáttar.

Evrópska tungumálamappan (ETM) er þrískipt og inniheldur:

Tungumálapassa með stuttri samantekt um móðurmál eigandans og skýru yfirliti yfir tungumálanám hans og tungumálakunnáttu

Námsferilskrá þar sem eigandi getur skráð námsmarkmið sín, kunnáttu og reynslu af menningu annarra þjóða, og lagt mat á framfarir sínar með skipulögðum hætti

Safnmöppu þar sem eigandinn varðveitir sýnishorn af verkum sínum á tungumáli/málum sem hann/hún hefur lært eða stundar nám í

ETM er gagnlegt hjálpartæki í tungumálanámi. Hlutverk möppunnar er að veita greinargóðar upplýsingar um kunnáttu og færni í erlendum tungumálum sem skráðar eru í *Tungumálapassann*. Mappan er einnig vel til þess fallin að efla sjálfstæði og ábyrgð nemenda á eigin námi. Í *Námsferilskrá* skráir nemandinn jafnt og þétt hugleiðingar sínar um námið og framvindu þess. Hann veltir fyrir sér hvernig honum lætur best að læra og setur sér markmið. Þar skráir hann einnig kynni sín af öðrum tungumálum en þeim sem hann lærir í skóla og reynslu sína af öðrum menningarheimum. Í *Námsferilskránni* eru gátlistar fyrir sjálfsmat. Þeir eru byggðir á samevrópska matsrammanum fyrir tungumál (Common European Framework of Reference for Languages) sem Evrópuráðið hefur gefið út. Í gátlistum fyrir sjálfsmat er gengið út frá því sem nemandinn kann og ræður við. Í *Safnmöppu* geymir nemandinn verkefni og annað sem hann vill halda til haga í tengslum við námið.



Tungumálapassinn er hluti af Europass sem er safnheiti yfir staðlaða menntunar- og starfshæfnimöppu. Sjá nánar á www.europass.is.

Sýnishorn úr grunnskólamöppu

Tungumálapassinn minn

My Language Passport

Mit sprogpas



Þetta er mynd af mér
This is a picture of me
Det er et billede af mig

Ég heiti / my name is / jeg hedder _____

Ég á afmæli / my birthday is / min fødselsdag er _____

Ég er / I am / jeg er _____ ára / years old / år _____

Landið, sem ég á heima í, heitir / I live in / jeg bor i _____

Á ensku heitir það _____

Á dönsku heitir það _____

Skólinn minn heitir / my school is / min skole hedder _____

Áhugamál mín eru / my hobbies are / mine interesser er _____



Sjálfsmatsrammi

European Language Portfolio


Tungumálápassi Language Passport

		A1	A2	B1	B2	C1	C2
S K I L N I N G U R	Hlustun 	Ég skil algeng orð og einfaldar setningar um sjálfa(n) mig, fjölskyldu mína og nánasta umhverfi þegar fólk talar hægt og skýrt.	Ég skil setningar og algeng orð sem tengjast mér persónulega (t.d. persónulegar upplýsingar um mig og fjölskyldu mína, innkaup, nánasta umhverfi og atvinnu). Ég get skilið aðalatriðin í stuttum, skýrum og einföldum skilaboðum og tilkynningum.	Ég skil aðalatriði venjulegs talmáls um efni sem ég þekki og tengjast vinnu minni, skóla, frístundum o.þ.h. Ég get skilið í grófum dráttum aðalatriði í mörgum útvarps- og sjónvarpsþáttum um mál-efni líðandi stundar eða efni sem tengjast mér persónulega eða faglega þegar talað er tiltölulega hægt og skýrt.	Ég skil langt mál og fyrirlestra og get fylgst með frekar flóknum rökraðum ef efnið er mér kunnugt. Ég get skilið fréttir og flesta sjónvarpsþætti með fréttatengdu efni. Ég get skilið flestar kvikmyndir á stöðluðum mállýskum.	Ég skil langan málflutning jafnvel þegar talað er óskipulega og þegar samhengi er einungis gefið í skyn en ekki nákvæmlega skýrt tilgreint. Ég get skilið sjónvarpsþætti og kvikmyndir án mikilla erfiðleika.	Ég á ekki í neinum erfiðleikum með að skilja fólk hvort heldur þegar það talar eða þegar talað er í útvarpi / sjónvarpi, jafnvel þegar talað er hratt af þeim sem hafa tungumálið að móðurmáli, svo fremi sem ég hef fengið tíma til að venjast mál-heimnum.
	Lestur 	Ég get lesið kunnugleg nöfn, orð og mjög einfaldar setningar, t.d. á skiltum og veggspjöldum eða í bæklingum.	Ég get lesið stutta og einfalda texta. Ég get fundið tilteknar, fyrirsjáanlegar upplýsingar í einföldu, hversdagslegu efni, t.d. í auglýsingum, kynningarbæklingum, matseðlum og tímatöflum. Ég get líka lesið stutt og einföld bréf.	Ég get lesið texta sem innihalda aðallega algeng orð úr daglegu lífi eða orðaforða sem tengist atvinnu minni. Ég skil lýsingar á atburðum, tilfinningum og óskum í persónulegum bréfum.	Ég get lesið greinar og skýrslur sem tengjast vanda-málum samtíms þar sem fram koma ákveðin viðhorf eða skoðanir. Ég skil texta í samtímabókmenntum.	Ég get lesið greinar og skýrslur sem tengjast vanda-málum samtíms þar sem fram koma ákveðin viðhorf eða skoðanir. Ég skil texta í samtímabókmenntum.	Ég get lesið langa og flókna texta og bókmenntaverk og get greint stílbrigði. Ég get lesið sérfræðigreinar og lengri tæknileiðbeiningar, jafnvel þótt það tengist ekki mínu sérsviði.
T A L A Ð	Samskipti 	Ég get tekið þátt í einföldum samræðum ef hinn aðilinn er reiðubúinn að endurtaka eða umorða hluti hægt og hjálpa mér að koma orðum að því sem ég er að reyna að segja. Ég get spurt og svarað einföldum, algengum spurningum og spurningum um kunnug málefni.	Ég get tjáð mig um einföld og fastmótuð verkefni sem þarfnast einfaldrá og beinna tjáskipta um efni sem ég þekki. Ég get átt einföld orðaskipti á félagslegum vettvangi, jafnvel þótt ég skilji ekki nóg til að halda samræðum gangandi sjálf(ur).	Ég get tekist á við flestar aðstæður sem geta komið upp á ferðalagi um svæði þar sem málið er talað. Ég get óundirbúin(n) tekið þátt í samræðum um efni sem ég þekki, hef áhuga á eða tengjast daglegu lífi (t.d. fjölskyldu, áhugamálum, starfi, ferðalögum og málefnum líðandi stundar.)	Ég get tekið þátt í samræðum af nokkru öryggi og án mikillar umhugsunar í reglulegum samskiptum við þá sem hafa málið að móðurmáli. Ég get tekið virkan þátt í umræðum um kunnugleg málefni, gert grein fyrir og haldið mínum skoðunum á lofti.	Ég get tjáð mig af öryggi og án mikillar umhugsunar eða orðaleitar. Ég get notað málið á sveigjanlegan og áhrifaríkan hátt bæði í félagslegum og faglegum tilgangi. Ég get sett fram hugmyndir mínar og skoðanir af nákvæmni og komið þeim kunnáttusamlega til annarra.	Ég get auðveldlega tekið þátt í öllum samræðum og umræðum með því að beita orðatiltækjum. Ég get tjáð mig af öryggi og komið finni merkingartilbrigðum til skila. Ef ég lendi í vandræðum get ég farið til baka og umorðað setninguna á svo hárfinan hátt að varla sé eftir því tekið.
	Frásögn 	Ég get notað einföld orðasambönd og setningar til þess að segja frá búsetu minni og fólki sem ég þekki.	Ég get myndað nokkrar setningar til þess að lýsa fjölskyldu minni og öðru fólki á einfaldan hátt, sagt frá búsetu minni, menntun og þeirri vinnu sem ég stunda eða hef stundað.	Ég get tengt saman orðasambönd á einfaldan hátt til þess að lýsa reynslu og atburðum, draumum mínum, væntingum og framtíðaráformum. Ég get rökstutt stuttlega og útskýrt ákvarðanir mínar og fyrirætlanir. Ég get sagt sögu eða sagt frá söguþræði í bók eða kvikmynd og lýst viðbrögðum mínum.	Ég get gefið skýra, nákvæma lýsingu um ýmsum hlutum sem tengjast mínu áhugasviði. Ég get útskýrt skoðanir mínar á málefnum sem eru ofarlega á baugi og lýst bæði kostum og göllum við mismunandi valkosti.	Ég get gefið skýrar, nákvæmar lýsingar á flóknum málefnum í mörgum liðum, rætt ákveðin atriði og dregið saman í viðeigandi niðurstöður.	Ég get á skýran hátt og reiprennandi gefið lýsingu á eða rökrætt á þann hátt sem hentar samhenginu og notað málið á áhrifaríkan hátt til að hjálpa þeim sem hlustar að taka eftir og leggja mikilvæg atriði á minnið.
R I T U N	Ritun 	Ég get skrifað stutt, einfalt póstkort, t.d. sent stuttar kveðjur úr leyfi. Ég get fyllt út eyðublöð með persónulegum upplýsingum eins og nafni, þjóðerni og heimilisfangi á skráningareyðublöðum hótela.	Ég get skrifað stutta minnis-punkta og skilaboð. Ég get skrifað mjög einfalt bréf, t.d. þakkarbréf.	Ég get skrifað einfaldan sam-felldan texta um efni sem ég þekki eða hef áhuga á. Ég get skrifað bréf sem lýsa reynslu og hughrifum.	Ég get skrifað skýra, nákvæma texta um ýmis efni sem tengjast áhugasviði mínu. Ég get skrifað ritgerð eða skýrslu, komið upplýsingum á framfæri eða fært rök fyrir eða gegn ákveðnu sjónarhorni. Ég get skrifað bréf og lagt áherslu á mikilvægi ýmissa atburða og reynslu.	Ég get tjáð mig skriflega með skýrum og vel samsettum texta af tiltekinni lengd og komið þannig ákveðinni skoðun á framfæri. Ég get skrifað um flókin efni í bréfi, ritgerð eða skýrslu og lagt áherslu á það sem ég tel vera mikilvæg málefni. Ég get valið mér ritstíl sem hentar þeim lesendahópi sem ég hef í huga.	Ég get skrifað skýran og lipran texta í ritstíl sem hæfir tilfinninu. Ég get skrifað flókin bréf, skýrslur eða greinar þar sem áhrifarík uppbygging er notuð til að setja málið fram á þann hátt að það hjálpi lesandanum að taka eftir og muna aðalatriði. Ég get skrifað útdrætti og ritdóma um sérfræðitexta eða bókmenntaverk.

Sýnishorn úr framhaldsskólamöppu

Persónulegar upplýsingar

Personal Identification / personlige oplysninger /
identification personnelle / persönliche Informationen / información personal



Nafn / name / navn / nom / nombre / Name

Heimilisfang / address / adresse / dirección / Adresse

Sími / telephone / telefon / téléphone / teléfono / Telefon

Fæðingardagur og -ár / date of birth / fødselsdato / date de naissance / fecha de nacimiento / Geburtsdatum

Tómstundir og áhugamál / hobbies and interests / hobbyer og interesser / loisirs et intérêts /
intereses y actividades de tiempo libre / Hobbys und Interessen

Móðurmál / mother tongue(s) / modersmål / langue(s) maternelle(s) / lengua(s) materna / Muttersprache(n)

Fæðingarstaður / place of birth / fødselssted / place de naissance / lugar de nacimiento / Geburtsort

Sýnishorn úr framhaldsskólamöppu

Færni í þeim tungumálum sem ég er að læra

Language proficiency in the languages I am learning
Færdigheder i de sprog som jeg lærer
Compétences en langues que j'apprends actuellement
Competencias en las lenguas que estudio
Fähigkeit in den Sprachen, die ich lerne

Tungumál Language	Mat á eigin færni skv. sjálfsmatsramma á bls. 5 Self-assessment of proficiency in relation to grid on page 5					
	A1	A2	B1	B2	C1	C2
Hlustun Listening						
Lestur Reading						
Talað mál – samskipti Spoken interaction						
Talað mál – frásögn Spoken production						
Ritun Writing						
Hlustun Listening						
Lestur Reading						
Talað mál – samskipti Spoken interaction						
Talað mál – frásögn Spoken production						
Ritun Writing						
Hlustun Listening						
Lestur Reading						
Talað mál – samskipti Spoken interaction						
Talað mál – frásögn Spoken production						
Ritun Writing						
Hlustun Listening						
Lestur Reading						
Talað mál – samskipti Spoken interaction						
Talað mál – frásögn Spoken production						
Ritun Writing						